

Alþingi
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Mosfellsbæ 23. mars 2021

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998 (heimabugg), 480.mál

Frumvarpið er frelsismál af einfaldasta tagi, að fólki sé frjálst að útbúa sín matvæli í heimahúsi eftir eigin hentugleikum. Heimabuggun er hvorki flóknari né hættulegri heilsu manna en ýmis önnur heimaiðja sem miðar að því að framleiða eða framreiða neysluvarning til heimabruks. Hvort tveggja krefst aðgátar og ákveðinnar natni í verkun og geymslu svo neysla sé heilsusamleg.

Semsagt, einfalt frelsismál sem fráleitt er að nágrennar eða aðrir samborgarar sem búa á öðru heimili hafi nokkuð um að segja.

Aðalerindi þessa bréfs er þó að fetta lítillaga fingur út í umsögn Landlæknisembættisins. Landlæknir virðist helst hafa á út á frumvarpið að setja að

“Verði frumvarpið að lögum mun verða ógerlegt að fylgjast með þróun heildardrykkju áfengi þar sem heimabugg er óskráð notkun og gerir ókleift að fylgjast með heildardrykkju þjóðarinnar...”

Landlæknisembættið veður reykt og gufu ef það heldur að þessar upplýsingar eins og þær koma frá ÁTVR veiti allar upplýsingar um áfengisneyslu þjóðarinnar. Í fyrsta lagi er óljóst að sölutölur ÁTVR segi alla söguna. Í öðru lagi tel ég mér óhætt að halda fram að einhver heildarneysla / meðalneysla segi alla lýðheilsusöguna í þessum efnum. Mér er nær að halda að tíðni og magn, þ.e.a.s. dreifing hættulegrar neyslu séu það sem meira máli skiptir.

Í öllu falli vil ég benda á að könnun lýðfræðilegra þátta eins og magns og dreifingar áfengisneyslu eru félagsvísindi, oftast en ekki undir hatti hagskýrslugerðar eða hagfræði. Í þeim geira er ekki hægt að stytta sér leið um of. Sem betur fer eru aðferðir til að mæla þætti eins og magn og dreifingu áfengisneyslu í samfélaginu vel þekktar og á færi talsverðs fjölda stofnana og einstaklinga á Íslandi.

Því held ég Landlæknisembættinu væri sæmara að sinna upplýsingaöflun sinni með viðurkenndum aðferðum félagsvísinda og hagfræði en að skýla sér á bak við heldur klénar tölur eins og heildarsölu ÁTVR. Þegar embættið veit eitthvað um dreifingu áfengisneyslu getur það etv snúið sér að læknis- og lýðheilsupælingum.

Virðingarfyllst,

Björn Ragnar Björnsson